**Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)**

**Alzheimersamtökin, Eir, Grundarheimilin, Hamrar, Heilsuvernd Vífilsstaðir, Hrafnista, Heilsustofnun NLFÍ, MS setrið, Múlabær/Hlíðabær, Reykjalundur, Samhjálp, S.Á.Á., Sjálfsbjargarheimilið, Skjól, Sóltún (Öldungur), Sólvangur (Sóltún öldrunarþjónusta) og Vigdísarholt (Seltjörn, Skjólgarður, Sunnuhlíð)**

**annars vegar**
**og**
**Sameyki - stéttarfélag í almannaþjónustu**
**hins vegar**

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

## 1. gr.

## Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

## 2. gr.

## Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4.2023 : Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflum í fylgiskjali 1.

*Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.*

## 3. gr.

## Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

## 4. gr.

Yfirlit um greiðslur af heildarlaunum til Sameykis við gildistöku samningsins.

Orlofssjóður 0,50%

Starfsmenntunarsjóður 0,32%

Styrktar- og sjúkrasjóður 0,75%

Þróunar- og símenntunarsjóður og Fræðslusetrið (Starfsmennt) 0,50% og 0,25% = 0,75%

Endurhæfingarsjóður (Greitt til Lífeyrissjóðs) 0,10%

Stéttarfélagsgjald til Sameykis er 1,1% (Skv. ákvörðun aðalfundar félagsins hverju sinni).

## 5. gr.

### Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt verkáætlun, viðauka og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 15:00 þann 19. maí 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 15. maí 2023

f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu
með fyrirvara um samþykki stjórnar

f.h. Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu,
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

**Bókun og verkáætlun**
**með samkomulagi**
**Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu**
**annars vegar**
**og**
**Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu**
**hins vegar**
**dags. 15. maí 2023**

## Bókun

Aðilar lýsa yfir mikilvægi þess að Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) komi að vinnu, heildarsamtaka launþega og launagreiðenda vegna fylgiskjals I og II, endurskoðunar veikindakafla/ framlenging á bókun 2 og jöfnun launa milli markaða.

**Verkáætlun**

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|---|---|---|
| Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. | Vinna þegar hafin | 31. janúar 2024 |
| Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram. | Vinna þegar hafin | 31. janúar 2024 |
| Bakvaktir / skoðun á fyrirkomulagi bakvakta. | 17. apríl 2023 | 31. janúar 2024 |
| Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2. | Vinna þegar hafin | 31. október 2023 |
| Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu. | 17. apríl 2023 | 31. ágúst 2023 |

Ofangreind mál er á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga:

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|---|---|---|
| Heildarendurskoðun eldri bókana | Vinna er þegar hafin | 1. október 2023 |
| Útgáfa heildarkjarasamnings | 2. maí 2023 | 15. október 2023 |
| Tryggingar 7. kafli | 1. september 2023 | 30. september 2023 |
| Samtal um skyldur 19. kafli | 1. september 2023 | 1. janúar 2024 |
| Samtal um framkvæmd 12. kafli | 1. nóvember 2023 | 1. febrúar 2024 |
| Aðlaga orðalag í kjarasamningi | 1. janúar 2024 | 1. febrúar 2024 |

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 30. nóvember 2023 skulu kröfur stéttarfélaga liggja fyrir. Eigi síðar en 15. desember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

**Viðauki við samkomulag**
**Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu**
**annars vegar**
**og**
**Sameykis - stéttarfélags í almannaþjónustu**
**hins vegar**

**dags. 15. maí 2023**

**Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á fylgiskjali 2 um betri vinnutíma í vaktavinnu, hjá þeim stéttarfélögum sem um það sömdu í síðustu kjarasamningum.**

*Greinar 1.6.1 og gr. 1.6.2 breytast frá 1. apríl 2023 og verða svohljóðandi:*

## 1.6 Álagsgreiðslur - vaktaálag

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1.

Vaktaálag skal vera:

| | |
|---|---|
| 33,33% | kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga |
| 55,00% | kl. 17:00 - 24:00 föstudaga |
| 65,00% | kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga |
| 55,00% | kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga |
| 75,00% | kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga |
| 120,00% | kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag. |

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

| | |
|---|---|
| 33,33% | kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga |
| 45,00% | kl. 17:00 - 24:00 föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00 - 08:00 mánudaga |
| 33,33% | kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga |
| 120,00% | kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag. |

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

*Grein 2.6.10 breytist frá 1. apríl 2023 og verður svohljóðandi:*

## 2.6.10 Vaktahvati

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti.

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á hverju launatímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 42 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 15 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar til þess að njóta vaktahvata.

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

| Fjöldi vakta | Tegundir vakta | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 19 | | 10,0% | 12,5% | 12,5% |
| 18 | | 7,5% | 10,0% | 12,5% |
| 17 | | 7,5% | 10,0% | 12,5% |
| 16 | | 2,5% | 7,5% | 12,5% |
| 15 | | 2,5% | 2,5% | 10,0% |
| 14 | | | 2,5% | 7,5% |

**Fylgiskjal 1** Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | 402.275 | 412.332 | 422.389 | 432.446 | 442.503 | 452.559 | 462.616 | 472.673 | 482.730 |
| **2** | 409.862 | 420.109 | 430.355 | 440.602 | 450.848 | 461.095 | 471.341 | 481.588 | 491.834 |
| **3** | 417.613 | 428.053 | 438.494 | 448.934 | 459.374 | 469.815 | 480.255 | 490.695 | 501.136 |
| **4** | 425.531 | 436.169 | 446.808 | 457.446 | 468.084 | 478.722 | 489.361 | 499.999 | 510.637 |
| **5** | 432.618 | 443.433 | 454.249 | 465.064 | 475.880 | 486.695 | 497.511 | 508.326 | 519.142 |
| **6** | 439.882 | 450.879 | 461.876 | 472.873 | 483.870 | 494.867 | 505.864 | 516.861 | 527.858 |
| **7** | 447.325 | 458.508 | 469.691 | 480.874 | 492.058 | 503.241 | 514.424 | 525.607 | 536.790 |
| **8** | 454.951 | 466.325 | 477.699 | 489.072 | 500.446 | 511.820 | 523.194 | 534.567 | 545.941 |
| **9** | 462.766 | 474.335 | 485.904 | 497.473 | 509.043 | 520.612 | 532.181 | 543.750 | 555.319 |
| **10** | 470.774 | 482.543 | 494.313 | 506.082 | 517.851 | 529.621 | 541.390 | 553.159 | 564.929 |
| **11** | 479.124 | 491.102 | 503.080 | 515.058 | 527.036 | 539.014 | 550.992 | 562.970 | 574.948 |
| **12** | 488.259 | 500.465 | 512.672 | 524.878 | 537.085 | 549.291 | 561.498 | 573.704 | 585.911 |
| **13** | 497.620 | 510.061 | 522.501 | 534.942 | 547.382 | 559.823 | 572.263 | 584.704 | 597.144 |
| **14** | 507.213 | 519.893 | 532.574 | 545.254 | 557.934 | 570.615 | 583.295 | 595.975 | 608.656 |
| **15** | 517.041 | 529.967 | 542.894 | 555.820 | 568.746 | 581.672 | 594.598 | 607.524 | 620.450 |
| **16** | 524.141 | 537.244 | 550.348 | 563.451 | 576.555 | 589.658 | 602.762 | 615.865 | 628.969 |
| **17** | 531.489 | 544.776 | 558.063 | 571.350 | 584.638 | 597.925 | 611.212 | 624.499 | 637.786 |
| **18** | 539.093 | 552.570 | 566.048 | 579.525 | 593.002 | 606.480 | 619.957 | 633.434 | 646.912 |
| **19** | 546.957 | 560.631 | 574.305 | 587.979 | 601.653 | 615.327 | 629.001 | 642.675 | 656.349 |
| **20** | 555.089 | 568.966 | 582.843 | 596.720 | 610.597 | 624.475 | 638.352 | 652.229 | 666.106 |
| **21** | 563.495 | 577.582 | 591.669 | 605.757 | 619.844 | 633.932 | 648.019 | 662.106 | 676.194 |
| **22** | 571.384 | 585.668 | 599.953 | 614.237 | 628.522 | 642.807 | 657.091 | 671.376 | 685.660 |
| **23** | 579.954 | 594.453 | 608.952 | 623.451 | 637.950 | 652.449 | 666.948 | 681.446 | 695.945 |
| **24** | 588.654 | 603.370 | 618.086 | 632.803 | 647.519 | 662.235 | 676.952 | 691.668 | 706.385 |
| **25** | 600.427 | 615.437 | 630.448 | 645.459 | 660.470 | 675.480 | 690.491 | 705.502 | 720.512 |
| **26** | 612.435 | 627.746 | 643.057 | 658.368 | 673.679 | 688.990 | 704.301 | 719.612 | 734.922 |
| **27** | 624.684 | 640.301 | 655.918 | 671.535 | 687.152 | 702.770 | 718.387 | 734.004 | 749.621 |
| **28** | 637.178 | 653.107 | 669.037 | 684.966 | 700.896 | 716.825 | 732.754 | 748.684 | 764.613 |
| **29** | 649.921 | 666.169 | 682.417 | 698.665 | 714.913 | 731.161 | 747.410 | 763.658 | 779.906 |
| **30** | 662.920 | 679.493 | 696.066 | 712.639 | 729.212 | 745.785 | 762.358 | 778.931 | 795.504 |
| **31** | 678.167 | 695.121 | 712.075 | 729.029 | 745.984 | 762.938 | 779.892 | 796.846 | 813.800 |
| **32** | 693.765 | 711.109 | 728.453 | 745.797 | 763.141 | 780.485 | 797.829 | 815.174 | 832.518 |
| **33** | 709.028 | 726.753 | 744.479 | 762.205 | 779.930 | 797.656 | 815.382 | 833.107 | 850.833 |
| **34** | 725.335 | 743.469 | 761.602 | 779.735 | 797.869 | 816.002 | 834.135 | 852.269 | 870.402 |
| **35** | 742.629 | 761.195 | 779.760 | 798.326 | 816.892 | 835.458 | 854.023 | 872.589 | 891.155 |
| **36** | 760.758 | 779.777 | 798.796 | 817.815 | 836.834 | 855.853 | 874.872 | 893.891 | 912.910 |
| **37** | 779.334 | 798.817 | 818.301 | 837.784 | 857.267 | 876.751 | 896.234 | 915.717 | 935.201 |
| **38** | 798.370 | 818.329 | 838.288 | 858.247 | 878.207 | 898.166 | 918.125 | 938.084 | 958.044 |
| **39** | 817.875 | 838.322 | 858.769 | 879.216 | 899.662 | 920.109 | 940.556 | 961.003 | 981.450 |
| **40** | 837.862 | 858.808 | 879.755 | 900.701 | 921.648 | 942.594 | 963.541 | 984.488 | 1.005.434 |
| **41** | 858.342 | 879.800 | 901.259 | 922.717 | 944.176 | 965.634 | 987.093 | 1.008.552 | 1.030.010 |
| **42** | 879.328 | 901.311 | 923.294 | 945.277 | 967.261 | 989.244 | 1.011.227 | 1.033.210 | 1.055.193 |
| **43** | 900.831 | 923.352 | 945.873 | 968.394 | 990.915 | 1.013.435 | 1.035.956 | 1.058.477 | 1.080.998 |
| **44** | 922.867 | 945.938 | 969.010 | 992.082 | 1.015.153 | 1.038.225 | 1.061.297 | 1.084.369 | 1.107.440 |
| **45** | 945.446 | 969.082 | 992.718 | 1.016.354 | 1.039.990 | 1.063.626 | 1.087.262 | 1.110.898 | 1.134.535 |
| **46** | 968.583 | 992.797 | 1.017.012 | 1.041.226 | 1.065.441 | 1.089.655 | 1.113.870 | 1.138.084 | 1.162.299 |
| **47** | 992.291 | 1.017.098 | 1.041.905 | 1.066.712 | 1.091.520 | 1.116.327 | 1.141.134 | 1.165.941 | 1.190.749 |
| **48** | 1.016.584 | 1.041.998 | 1.067.413 | 1.092.828 | 1.118.242 | 1.143.657 | 1.169.071 | 1.194.486 | 1.219.900 |
| **49** | 1.041.477 | 1.067.514 | 1.093.551 | 1.119.588 | 1.145.624 | 1.171.661 | 1.197.698 | 1.223.735 | 1.249.772 |
| **50** | 1.065.517 | 1.092.155 | 1.118.793 | 1.145.431 | 1.172.069 | 1.198.707 | 1.225.345 | 1.251.982 | 1.278.620 |
| **51** | 1.090.002 | 1.117.252 | 1.144.502 | 1.171.752 | 1.199.002 | 1.226.252 | 1.253.502 | 1.280.752 | 1.308.002 |
| **52** | 1.115.091 | 1.142.968 | 1.170.846 | 1.198.723 | 1.226.600 | 1.254.477 | 1.282.355 | 1.310.232 | 1.338.109 |
| **53** | 1.140.800 | 1.169.320 | 1.197.840 | 1.226.360 | 1.254.880 | 1.283.400 | 1.311.920 | 1.340.440 | 1.368.960 |
| **54** | 1.167.144 | 1.196.323 | 1.225.501 | 1.254.680 | 1.283.858 | 1.313.037 | 1.342.216 | 1.371.394 | 1.400.573 |
| **55** | 1.194.138 | 1.223.991 | 1.253.845 | 1.283.698 | 1.313.552 | 1.343.405 | 1.373.259 | 1.403.112 | 1.432.966 |
| **56** | 1.221.799 | 1.252.344 | 1.282.889 | 1.313.434 | 1.343.979 | 1.374.524 | 1.405.069 | 1.435.614 | 1.466.159 |
| **57** | 1.250.142 | 1.281.396 | 1.312.649 | 1.343.903 | 1.375.156 | 1.406.410 | 1.437.663 | 1.468.917 | 1.500.170 |
| **58** | 1.279.186 | 1.311.166 | 1.343.145 | 1.375.125 | 1.407.105 | 1.439.084 | 1.471.064 | 1.503.044 | 1.535.023 |
| **59** | 1.308.946 | 1.341.670 | 1.374.393 | 1.407.117 | 1.439.841 | 1.472.564 | 1.505.288 | 1.538.012 | 1.570.735 |
| **60** | 1.339.442 | 1.372.928 | 1.406.414 | 1.439.900 | 1.473.386 | 1.506.872 | 1.540.358 | 1.573.844 | 1.607.330 |
| **61** | 1.370.690 | 1.404.957 | 1.439.225 | 1.473.492 | 1.507.759 | 1.542.026 | 1.576.294 | 1.610.561 | 1.644.828 |